

LANDSLÖG  
LÖGFRAÐISTOFA

Umhverfisstofnun  
Suðurlandsbraut 24  
108 Reykjavík.

Reykjavík, 11. júní 2008

Efni: Umsókn um endurnýjun starfsleyfis fiskmjölsverksmiðju Skeggeyar ehf, kt. 681195 2389, Óslandi, 780 Hornafirði.

Fyrir hönd Skinneyjar-Þinganess hf., kt. 480169-2989, Krossey, 780 Hornafirði er þess hér með farið á leit að framlengt verði starfsleyfi fiskmjölsverksmiðju sem Skinney-Þinganes hf. rekur í Óslandi á Hornafirði undir nafni dótturfyrirtækis síns, Skeggeyar ehf., kt. 681195 2389. Fyrirhuguð er sameining þessara fyrirtækja.

Þar sem ekki eru til sérstök eyðiblöð fyrir slíka umsókn leyfum við okkur að gera meðfylgjandi tillögu að starfsleyfi sem byggir á starfsleyfi verksmiðjunnar frá 2002. Nokkrum atriðum og dagsetningum hefur þar verið breytt til samræmis við núverandi aðstæður og ber að líta svo á að óskað sé þeirra breytinga sem þar koma fram. Megin breytingin fellst þó í því að nú er sótt um leyfi til reksturs 900 tonna verksmiðju í stað 1.100 tonna áður, þ.e. umfang verksmiðjurekstursins er minnkað.

Einnig viljum við geta þess, að mikið átak er í gangi við að koma umhverfi verksmiðjunnar í enn betra horf og hefur eftirlitsmanni verið kynnt það átak.

Þá hafa eftirtaldar breytingar á vélbúnaði verksmiðjunnar verið gerðar eða eru á lokastigi:

1. Gufuþurrkara I, sem var um 180 m<sup>2</sup> og útslitinn, hefur verið skipt út fyrir 350 m<sup>2</sup> þurrkara.
2. Verið er að setja upp endurkeyrslubúnað fyrir mjöl til að bæta vinnslu þurrkaranna.
3. Í undirbúningi er að skipta út þurrkara IV sem er um 300 m<sup>2</sup> en er útslitinn.
4. Settur hefur verið upp hráefnisforsjóðari sem nýtir glatvarma frá gufuþurkkurum.
5. Lokið hefur verið við að fjarlægja alla hluti úr gömlu verksmiðjunni og lagfæra húsið.
6. Verið er að ljúka við uppsetningu nýs löndunararbúnaðar með blóðvatnsmiðlun, síubúnaði og fitugildru með loftbólufleytingu, samanber grein 7.2. í starfsleyfi frá árinu 2002. Sjá um þetta meðfylgjandi teikningar frá Verkfraðistofunni Mannvit hf., sem unnið hefur verið eftir.

Ekki hefur reynst mögulegt að koma upp lekavarnarþró um lýsisgeymi, samanber grein 7.1 í starfsleyfinu frá 2002. Plássleysi umhverfis geyminn gerir það nánast ómögulegt að uppfylla kröfur í þeirri grein og er þess vegna í athugun að flytja geyminn. Það kallar á breytingar á deiliskipulagi svæðisins og þarf því að komu sveitarfélagsins. Er það mál í skoðun.

Eigendur

Garðar Garðarsson hrl.  
Jóhannes Karl Sveinsson hrl.  
Viðar Lúðvíksson hrl.  
Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hrl.

Fulltrúar

Daniel Isebarn Ágústsson hdl.  
Grimur Sigurðsson hdl.  
Ingunn Agnes Kro lögfr.  
Ívar Pálsson hdl.  
Jóna Björk Helgadóttir hdl.  
Tómas Hrafn Sveinsson hdl.

Köllunarklettsvegi 2

104 Reykjavík  
Sími: 520-2900  
Fax: 520-2901


Hafnargötu 31

Pósthólf 16  
232 Keflavík  
Sími: 520-2920  
Fax: 421-4733

Landslög ehf.

Kt.: 601169-0109  
Vsk.: 61807  
Banki: 1109-26-2900  
www.landslog.is

Rétt er að geta þess einnig, að þau skip sem aðallega landa til verksmiðjunnar eru annars vegar hið nýja og glæsilega skip mb. Ásgrímur Halldórsson SF og hins vegar mb. Jóna Eðvalds SF (ex Krossey SF), sem var að koma úr miklum breytingum í Póllandi nú í gær. Bæði skipin eru búin öflugum kælibúnaði og tryggir það freskt og gott hráefni til verksmiðjunnar.

Virðingarfyllst,  
  
Garðar Garðarsson hrl.

Hjálagt:  
Tvær teikningar af löndunarbúnaði og húsum.